

## Fréttatilkynning vegna undirbúnings aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands

14. júlí 2017

Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands verður fagnað á næsta ári með fjölbreyttri dagskrá um land allt. Kallað verður eftir frumkvæði og virkri þátttöku landsmanna með tillögum að verkefnum á hátíðardagskrána sem standa mun allt árið 2018. Nefnd sem Alþingi skipaði til að annast undirbúning og framkvæmd afmælishátíðarinnar hefur hafið störf.

### Dagskrá afmælisársins mótuð af landsmönnum

Nefndin leggur áherslu á að ná til sem flestra landsmanna. Til að ná því fram verður kallað eftir fjölbreyttum og vönduðum verkefnum á dagskrá afmælisársins. Meðal annars verður lögð áhersla á samstarfsverkefni og verkefni með nýstárlega nálgun á viðfangsefnið, hvort sem litið er til fortíðar, nútíðar eða framtíðar. Auglýst verður eftir verkefnum í lok ágúst.

### Verkefnaáherslur

Lögð er áhersla á fjölbreytt og vönduð verkefni með nýstárlega nálgun. Litið verður til verkefna sem:

- minnast aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands og/eða hafa skírskotun til þess þáttar í sögu þjóðarinnar.
- fjalla um og/eða byggja á fullveldishugtakinu, hvort heldur er í fortíð, nútíð eða framtíð.
- hvetja til samstarfs.
  - Samstarf getur verið þvert á greinar, milli landsvæða, aldurshópa, þjóðfélagshópa, landa, ólíkra stofnana og félagasamtaka.
- höfða til barna og ungs fólks og eru til þess fallin að auka þekkingu og innsýn þeirra í söguna, samfélagið og fullveldishugtakið.
- höfða til fjölbreytts hóps fólks og hvetja til almennrar þátttöku.
- draga fram áhugaverða samlíkingu milli fortíðar og nútíðar í sögu lands og þjóðar, s.s. í menntun, heilbrigðismálum, náttúru, umhverfismálum, vísindum, stjórnmálum, atvinnuþróun, samgöngum og í daglegu lífi fólks.
- hafa nýstárlega nálgun á þjóðararfinn og/eða á viðfangsefnið.
- eru til þess fallin að vekja athygli á sérstöðu Íslands í samfélagi þjóðanna.

*Ofangreindar verkefnaáherslur útiloka ekki verkefni af öðrum toga hafi þau skírskotun til tilefnisins.*



### Merki afmælisársins

Samið hefur verið auglýsingastofuna Pipar/TWBA um hönnun merkis fyrir afmælisárið. Auk þess mun Pipar/TWBA annast gerð kynningarefnis fyrir hönd nefndarinnar.

Merkið er sett fram á hvítum grunni en einnig er merkið sett fram án hvíta litarins og myndar þannig óvænta og mjög sterka litasamsetningu.



### Nefnd á vegum Alþingis

Haustið 2016 kaus Alþingi nefnd með fulltrúum allra þingflokka er skyldi undirbúa hátíðahöld árið 2018. Í þingsályktun Alþingis er kveðið nánar á um verkefni nefndarinnar:

1. láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni laganna og framkvæmd þeirra, svo og rit um inntak fullveldisréttar er Ísland öðlaðist að þjóðarétti árið 1918;
2. stofna til sýningar í samvinnu við Árnastofnun á helstu handritum safnsins til að minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar;
3. stuðla að heildarútgáfu Íslendingasagna á afmælisárinu svo að fornar bókmenntir Íslendinga séu jafnan öllum tiltækar, jafnt á bók sem stafrænu formi;
4. hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri (862 2277), [ragnheidurjona@fullveldi1918.is](mailto:ragnheidurjona@fullveldi1918.is), og Einar K. Guðfinnsson, formaður (892 7628), [ekg@ekg.is](mailto:ekg@ekg.is).

**Fylgiskjal:** Þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.